

Fundargerð 107. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 10. nóvember 2016 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Andrés Bjarnason, Guðmundur Sigurvinsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Guðni Þór Elísson og Örn Friðriksson

Fjarverandi: Guðmundur Helgi Þórarinnsson og Símon Guðvarður Jónsson

Í gengnum fjarfundabúnað: Jón Jóhannsson.

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 106
2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
3. Kjararáðstefna VM og framtíðarfyrirkomulag
4. 42. Þing ASÍ
5. 6. mánaðar uppgjör
6. Yfirlit yfir fjárvörslu
7. Fundargerð Aðalfundar VM
8. Prentun á sögu Vélstjórastéttarinnar
9. Fyrirkomulag á heiðrun vegna Neistans
10. Lagt fram til upplýsingar
11. Önnur mál

Formaður setti fundinn.

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 106

Fundargerð samþykkt og undirrituð

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

1. VM og SFS. Formaður upplýsti um stöðuna, fundur er hjá sáttasemjara á eftir og þá kemur í ljós hvort samningar nást eða ekki.

2. NMF fundur var hér um daginn og Guðmundur er tekinn við sem forseti NMF.
3. Nýr lífeyrissjóður Birta. Sameining Sameinaða Lífeyrissjóðsins og Stafa. Tekur formlega til starfa 1. jan. 2017
4. Furulundur 8. Sjúkrasjóður keypti íbúða á Akureyri sem verður leigð út eins og sjúkraíbúðin hér í RVK.
5. Ályktun vegna Kjararáðs var send út og komst í fjölmiðla
6. ASÍ ung, VM er með tvo stjórnarmenn, einn í aðalstjórn og einn í varastjórn
7. Vandamál í Vélskólanum. Neyðarfundur var með kennurum um daginn.

3. Kjararáðstefna VM og framtíðarfyrirkomulag

Ráðstefnan gekk vel en mæting var ekki eins og vonir stóðu til um, einnig var lélegri mæting hjá atvinnurekendum en búist var við. Vinnan mun halda áfram og eftir er að taka saman gögnin frá ráðstefnunni og boða hópana hingað.

Spurning hvort við höldum ekki áfram að vera með svona ráðstefnu því þær skila miklu. Formaður bað menn um að hugsa málið.

4. 42. Þing ASÍ

Þingið var með hefðbundnu sniði og gekk bara vel.

5. 6. mánaðar uppgjör

Lögð var fram til upplýsinga 6 mánaðar staða fjárhagsáætlunar. Engar athugasemdir voru gerðar.

6. Yfirlit yfir fjárvörslu

Yfirlit yfir fjárvörslu fyrstu 9 mánuði ársins var lagt fram frá Íslandsbanka, Virðingu og Arion banka. Engar athugasemdir voru gerðar.

7. Fundargerð Aðalfundar VM

Formaður lagði fram drög að fundargerð síðasta aðalfundar og kallaði eftir athugasemdum. Engar athugasemdir voru og var fundargerðin samþykkt einróma.

8. Prentun á sögu Vélstjórstéttarinnar

Þó svo að upphaflega hafi saga vélstjórstéttarinnar átt að vera á rafrænu formi þá er ljóst að það þarf að prenta einhver eintök til að gefa og til að senda á bókasöfn. Verið er að leita tilboða í prentun. Formaður óskaði eftir að stjórn samþykkti prentun á 300 eintökum og var það samþykkt einróma.

9. Fyrirkomulag á heiðrun vegna Neistans.

Smávegis vandræði voru í vor þegar verið var að ákveða hverjum ætti að afhenda Neistann. Flokkunar – og tryggingarfélagið er að missa áhugann á þessu . Verið er að skoða nýjar leiðir.

10. Lagt fram til upplýsingar

- Þakkarbréf frá Ungmennafélagi Laugdæla en félagið styrkti keppnisferð til Gautaborgar.
- Kjarakönnun VM .
- Golfklúbburinn Dalbúi. Formaður lagði fram tillögu um sameiginlegan rekstur VM – RSÍ og Grafú.

Fundi slitið kl. 13:20